



FUNDARGERÐ

144. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Þriðjudaginn 1. ágúst 2017 kl: 14 var haldinn fundur hjá
heilbrigðisnefnd Vesturlands á Malarrifi í Snæfellsbæ.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eyþór Garðarsson (EG)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)

Fundur hófst með skoðunarferð um Arnarstapa þar sem skoðað var m.a umhverfi og nýleg mannvirki, s.s byggingar veitinga-og gististaða. Formleg dagskrá fundar hófst síðan í Gestastofu UST á Malarrifi.

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Skoðunarferð um Arnarstapa.

Fundur hófst á Malarrifi kl: 15.10.

2. Nýlegar yfirlýsingar frá umhverfisráðherra um mengunarvarnaeftirlit í landinu og félagsmálaráðherra um heimagistingu.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands vill í tilefni af orðum umhverfis og auðlindaráðherra í fjölmiðlum, um að færa skuli mengunarvarnaeftirlit frá heilbrigðiseftirlitssvæðum yfir til Umhverfisstofnunar benda á að heilbrigðisnefnd Vesturlands er skipuð 5 stjórnarmönnum 10 sveitarfélaga á Vesturlandi, einum fulltrúa náttúruverndarnefnda og einum fulltrúa atvinnulífsins. Heilbrigðisnefndin starfar sem sjálfstæð stjórnarsýslueining í anda laga nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefndin vill í tilefni af ummælum félagsmálaráðherra um húsnæðiseklu vegna útleigu á íbúðum benda á að nefndin hefur engin afskipti af heimagistingu eftir 1. júlí 2017 vegna breytinga á lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 941/2002.

3. Bréf Umboðsmanns Alþingis, dags. 18.07.2017, vegna skoðunar HeV á húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga á Akranesi.

Lagt fram

4. Nýjar breytingar á reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og breyting á reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði og ný atriði í reglugerðunum.

Heilbrigðisnefndin vekur athygli á því að viðmiðunarmörk fyrir E-coli eru mjög há skv. viðauka í drögum að breytingum á reglugerð nr. 460/2015 og beinir því til ráðherra að endurskoða þessi viðmið fyrir afþreyingarlaugar.

5. Breyting á lögum nr. 7/1998 og innleiðing tilskipunar ESB nr. 2010/15 um losun frá iðnaði.

Umsögn HeV vegna frumvarpsins (mál nr. 376) send til nefndasviðs Alþingis.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu breytingar m.a. sem lúta að færslu á eftirliti frá

heilbrigðiseftirlitssvæðum yfir til Umhverfisstofnunar. Óljóst er hvenær þessar breytingar taka gildi skv. skýringum frá einum starfsmanni UAR.

Framkvæmdastjóra falið að senda UAR bréf og óska svara um hvenær þessar breytingar taka gildi.

6. Andakílsá, mengun vegna hreinsunar á inntaksmannvirkjum Andakílsárvirkjunar.

Framkvæmdastjóri greindi frá umhverfisslysi sem varð í Andakílsá í Borgarfriði þegar leir var hleypt úr lóni Andakílsárvirkjunar um miðjan maí s.l.

Framlögð gögn frá Orku Náttúrunnar um málið.

7. Flæðigryfja Grundartanga

Framlögð umsögn HeV til Skipulagsstofnunar og niðurstaða Skipulagsstofnunar um málið.

8. Fráveitureglugerð

Lögð fram drög að nýrri fráveitusamþykkt.

Framkv.stj. skýrði helstu atriði breytingar frá gildandi reglugerð nr. 798/1999.

9. Mengunarslys á Breiðinni, Akranes.

Framkvæmdastjóri greindi frá óhappinu sem varð þann 13. júlí s.l þegar verið var að dæla olíu úr olíutanki á Breiðinni í skip í Akraneshöfn, og aðkomu HeV að málinu og minnispunktum HeV að verki loknu.

10.Starfsemi matarvagns Möns á Arnarstapa.

Bréf HeV vegna starfseminnar og svar lögmanns fyrirtækisins.

Ennfremur liggur fyrir fundargerð bæjarráðs Snæfellsbæjar þar sem fram kemur að fyrirtækið hafi aðeins stöðuleyfi fyrir matarvagninum en ekki fyrir bekkjum og borðum við vagninn.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að gefa fyrirtækinu 14 daga frest til að fjarlægja borð og bekki framan við matarvagninn að viðlagðri afturköllun á starfsleyfi.

11.Starfsleyfi.

Lítil brenna Dagverðarnesi 05.08.

Malbikunarstöð (færanleg) Norðurbíks ehf. Harðakambi Snæfellsbæ 12.07.-01.09.2017

Sveitamarkaður Breiðabliki 8. og 9. júlí 2017

Olís sjálfsafgreiðslustöð Ferstiklu Hvalfjarðarsveit (endurnýjun)

Fosshótel Reykholt (endurnýjun og breyting)

Bruggúsið Draugr Kalastöðum (nýtt)

Hvítanes leikjanámskeið barna (nýtt)

Skemman kaffihús Hvanneyri (nýir rekstraraðilar)

Dalahestar, Fjósum Dalabyggð (hestaleiga, ný starfsemi)

Áshestar Stóra Ási Borgarbyggð (hestaleiga, ný starfsemi)

Skáneyjarbúið Borgarbyggð (hestaleiga, gisting, ný starfsemi)

Laufásvegur 16, Stykkishólmi (heimagisting)

Eyrarskógur 38, Hvalfj.sveit (heimagisting)

Grundargata 49, Grundarfirði (heimagisting)

Ferstikla II, Hvalfjarðarsveit (heimagisting)

Fauskás 15, Galtarholtslandi í Borgarbyggð (heimagisting)

Víkurgata 8, Stykksihólmi (heimagisting)

Birkiskógar 17, Stóru-Skógalandi, Borgarbyggð (heimagisting)

Arnarstapi-Hótel Arnarstapi (ný smáhýsi)

Skagabraut 4-Akra Guesthouse, Akranesi (endurnýjun)

Dagverðarnes 143, Skorradalshreppi (heimagisting)

Skólabraut 10, Hellissandi (heimagisting)

Sementsverksmiðjan Akranesi. - Niðurrif.

Líkamsræktarstöð Vesturgötu 119 Akranesi, V119 ehf. (nýtt)
Spöng ehf. vegna tímabundins leyfis til 1. opkt 2017 til að fjarlægja og flytja asbest frá Deildartungu í Fíflholt.
Brynja vék af fundi undir þessum lið.
Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.

12. Tóbakssöluleyfi. Gildir í 4 ár.

Verslun Einars Ólafssonar Akranesi (endurnýjun)

Heilbrigðisnefnd staðfestir leyfið.

13. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.

Háteigur 1-Teigur á Akranesi (endurnýjun)
Helgafell, Helgafellssveit (2 ný smáhýsi)
Miðhraun 2-starfsmannahús eldra (nýtt)
Lynghagi Eyja- og Miklaholtshreppi (nýtt)
Brennistaðir, Flókadal (endurnýjun)
Sólheimar 1, hafnarskógi (nýtt)
Ölver 1- Barð, Hvalfj.sveit (nýtt)
Mýrar-Grásteinn, Grundarfirði (breytt)
Eystra-Miðfell, Háibali, Hvalfj.sveit (endurnýjun)
Eystra-Miðfell, Austurbali, Hvalfj.sveit (endurnýjun)
Grundargata 50, Grundarfirði-TSC (endurnýjun)
Grundargata 43, Grundarfirði (nýtt)
Fellsendi, Grundarfirði (nýtt)
Hellisbraut 18a, Hellissandi (nýtt)
Munaðarhóll 16, Hellissandi (nýtt)
Borgarbraut 50, Borgarnesi (nýtt)

Ingibjörg vék af fundi undir þessum lið og tók Eypór við fundarstjórn.
Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.

14. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.

Veiðihús við Grímsá-Hreggnasi ehf (endurnýjun)
Viðvík við Útnesveg, Hellissandi (nýtt)
Hraunfossar Restaurant, Borgarbyggð (nýtt)
Fjöruhúsið, Hellnum (endurnýjun)
Fosshótel Reykholt (endurnýjun og breyting)
Hótel Framnes Nesvegi 6-8, Grundarfirði (endurnýjun)
Dularfulla Búðin Skólabraut 14, Akranesi (nýtt)
Stapinn-Birkisól Arnarstapa (nýtt)
Hótel Arnarstapi veitingastaður (nýtt)

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.

15. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

Fjórðungsmót Vesturlands Vindási við Borgarnes 28.06.-01.07.
Vatnaskógur, samkoma 03.08.-06.08.- '17
Á góðri stund í Grundarfirði 27.07.-30.07.'17
Sólbakki 13 Borgarnesi tímab. áfengisleyfi 19.08.'17
Írskir dagar-Vinir hallarinnar samkoma og áfengisveitingar 01.07-02.07'17
Hjálmaklettur dansleikur 24.06.'17
Brautarholt Lundarreykjadal dansleikur 16.06.'17
Reiðhöllin Faxaborg dansleikur 02.06.'17

Lagt fram.

16. Aðrar umsagnir

- a) Borgarbyggð Hvanneyri tillaga að deiliskipulagi frístundabúskapar umsögn 3
- b) Borgarbyggð Syðri-Hraundalur 2 deiliskipulag
- c) Borgarbyggð Varmalandsreitur deiliskipulagsbreyting
- d) Borgarbyggð Varmalandsreitur lýsing á aðalskipulagsbreytingu
- e) Hvalfjarðarsveit Hótel Hafnarfjall, Hafnarland 2, deiliskipulagstillaga
- f) Skipulagsstofnun vegna fyrirspurnar-útvíkkun flæðigryfju á Grundartanga
- g) Stykkishólmur Reitarvegur 8, breytingar.

Lagt fram.

17. Önnur mál

- a) Hundahald í Hlíðarbæ, Hvalfjarðarsveit.
Kvartanir hafa borist vegna ónæðis frá hundum í Hlíðarbæ. Framkvæmdastjóri greindi frá málinu og lagði fram bréf til eiganda hundanna
- b) Starfsmannabúðir Sólbakka 6 í Borgarnesi.
Framkvæmdastjóri fór yfir málið þar sem húseigandi hafði sett upp starfsmannabúðir í óleyfi. Starfsemin var stöðvuð af HeV og slökkviliðsstjóra.
Lagðir fram minnispointar /samantekt framkvæmdastjóra vegna málsins.

Lagt fram

- c) Landfylling við Krókalón, Akranesi.
Umhverfisstofnun hefur gert athugasemdir við að jarðvegi /jarðefnum hafi verið varpað á landfyllingu við Krókalón á Akranes án leyfis, sbr. bréf stofnunarinnar, dagsett 14. júlí s.l til verktakafyrirtækis sem flutti efnið á staðinn.

Lagt fram

Fundi slitið kl: 17.00